

Mánudaginn 12. júní 1939.

Nr. 6/1938. Svínvetningabrautarfélagið í Húnavatnssýslu

gegn

Karli Helgasyni

Úrskurður um öflun framhaldsgreinargerðar fyrir fógetarétti.

Úrskurður hæstaréttar.

Í máli þessu þykir vanta greinargerð um atriði þau, er hér segir:

1. Hvort Blönduóshreppur hafi greitt nokkurt gjald til áfrýjanda af landi því, er í máli þessu greinir, og, ef því er að skipta, hversu miklu það gjald nemi árlega síðan stefndi fékk þann rétt yfir landinu, sem í „erfðaleigubréfi“ frá 27. júní 1932 segir.

2. Hvenær og hversu oft framannefnt land hafi verið metið síðan áður nefnt bréf var gert, og í hvaða skyni.

3. Hvers virði land þetta hafi verið metið óræktað og hvers virði ræktun þess, þar með taldar nauðsynlegar girðingar og nauðsynlegir skurðir vegna ræktunarinnar, er vera kunna á eða í landinu, hafi verið metin.

Þykir ekki rétt að leggja dóm á mál þetta áður en aðiljum hefir verið veittur kostur á að afla greinargerðar um framantalin atriði, og ber því að fresta meðferð þess fyrir hæstarétti og leggja fyrir fógeta samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 223. gr. sömu laga að veita aðiljum kost á að afla téðrar greinargerðar fyrir dómi sínum, svo og greinargerðar um þau önnur atriði, er mál þetta varða og efni kunna að standa til.

Því úrskurðast:

Meðferð máls þessa fyrir hæstarétti er frest-
að. Fógeta skal skylt að veita aðiljum kost á
því að gera fyrir dómi sínum grein fyrir fram-
angreindum atriðum og þeim öðrum atriðum,
er mál þetta varða og efni kunna að standa til.

Miðvikudaginn 14. júní 1939.

Nr. 5/1939. **Jóhanna Goldstein-Ottósson**

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Helgu Sigurðsson og gagnsök

(Garðar Þorsteinsson).

Atvinnuréttindi. Skaðabætur vegna rofa á samnings-
bundnu trúnaðarsambandi í atvinnurekstri, sbr. 12.
gr. laga nr. 84/1933.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til
hæstaréttar með stefnu 16. jan. þ. á., hefir krafizt
þess aðallega, að hún verði algerlega sýknuð af
kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en til vara, að
hún verði sýknuð, ef hún staðfestir það með eiði
sínunum, að hún hafi skilið gagnáfrýjanda svo, er
gengið var frá samningi aðilja frá 4. ág. 1935, að
henni (aðaláfrýjanda) væri aðeins óheimilt að ráða
sig hjá öðrum í Reykjavík, Hafnarfirði og í ná-
grenni Reykjavíkur til samskonar starfs sem hún
hafði hjá gagnáfrýjanda.

Málskostnaðar krefst aðaláfrýjandi fyrir báðum